

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/358
komudagur 24.11.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Húsavík 23. nóvember 2010

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, 102. mál

Framsýn- stéttarfélag hefur lengi látið sig atvinnumál varða enda félagið fjölmennasta stéttarfélagið í Þingeyjarsýslum sem telur um 2.200 félagsmenn. Því miður hefur atvinnuleysi verið viðvarandi á svæðinu auk þess sem atvinnulífið hefur átt undir högg að sækja.

Sjávarútvegur og landbúnaður, sem lengi voru burðarásarnir í atvinnulífi Þingeyinga, hafa átt erfitt uppdráttar og verulegur samdráttur hefur orðið í þessum greinum, sérstaklega frá hruni Kaupfélags Þingeyinga. Lokun Kísiliðjunnar hafði einnig mjög slæm áhrif á atvinnulífið og búsetuskilyrði á svæðinu. Þá hefur frekari samdráttur verið boðaður í opinberri þjónustu þar sem tillögur stjórnvalda gera ráð fyrir verulegum skerðingum á framlögum til Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga, Sýslumannsembættisins í Þingeyjarsýslum og til Framhaldsskólans á Húsavík.

Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa því íbúum svæðisins hefur fækkað jafnt og þétt, sérstaklega undangenginn áratug. Að öllu óbreyttu er ekkert annað að sjá en að þessi neikvæða þróun muni haldi áfram.

Framsýn fagnar því sérstaklega framkominni þingsályktunartillögu um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum enda eðlilegt að nota þá miklu orku sem er á svæðinu til atvinnuuppbyggingar í héraðinu. Uppbygging orkufreks iðnaðar í landi Bakka við Húsavík væri besta leiðin til að snúa við þeirri neikvæðu þróun sem verið hefur í atvinnu- og búsetuþróun á svæðinu. Þannig yrðu til yfir þúsund störf, það er bæði bein og afleidd störf á landsvísu.

Framsýn hefur ályktað með uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Bakka og bent á mikilvægi þess fyrir Þingeyinga og reyndar þjóðina alla. Með tilkomu álvers yrðu til verðmæt störf í framleiðslugreinum auk þess sem margfeldisáhrifin yrðu gríðarleg því fjölga þyrfti starfsfólki í ýmsum tæknigreinum, heilbrigðisþjónustu, framhaldsskólum, ferðaþjónustu, verslun og annarri þjónustustarfsemi á svæðinu. Þá yrði Húsavíkurbær mikilvæg útflutningshöfn fyrir Norðurland og myndi þar með bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja og ferðaþjónustuaðila á svæðinu til mikilla muna.

Framsýn styður heilshugar tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum, 102. mál.

Í tillögunni kemur fram að markmiðið sé að skapa ný störf, verja störf og afla þjóðarþínu mikilvægra gjaldeyrstekna. Það er því ábyrgðarluti að leggjast gegn þingsályktunartillögu sem hefur þessa þætti að leiðarljósi, ekki síst við þær efnahagsaðstæður sem við búum við í dag.

Frekari upplýsingar gefur undirritaður.

Virðingarfyllst!

Fh. Framsýnar- stéttarfélags


Aðalsteinn A. Baldursson

Garðarbraut 26 640 Húsavík

Sími 464 6600
Fax 464 6601
kuti@framsyn.is
www.framsyn.is